



1. Hvernig fer ég þangað?



H2.26

Sebastian: Hvert ertu að fara, Joanna?

Joanna: Ég þarf að fara í banka.

Sebastian: Af hverju?

Joanna: Af því að ég þarf að taka út peninga.

Sebastian: Ætlar þú ekki bara að fara í hraðbanka?

Joanna: Nei, ég þarf líka að tala við þjónustufulltrúa. Hvar er næsti banki?


Sebastian: Hann er á Sólberjagötu.

Joanna: Hvernig fer ég þangað?

Sebastian: Þú labbar beint áfram, framhjá kirkjunni og beygir til vinstri. Þetta er fyrsta gatan til hægri. Þar er bankinn.



Hingað og þangað



Viltu koma hingað?

Farðu þangað!



Hér og þar

Ég er hér/hérna.



Hún er þar/þarna.



Hvernig fer ég þangað?



Farðu beint áfram ...



Farðu til baka ...



Farðu til hægri ...



Farðu til vinstri ...



Farðu upp ...



Farðu niður ...




Farðu framhjá ...



Farðu inn ...



Farðu út ...



1.1 Spyrjið og svarið

– notið orðin: beint áfram, framhjá, til hægri, til vinstri ...

1. Sebastian ætlar í **sund**. Hvernig fer hann þangað? *Hann fer beint áfram, framhjá bókasafninu og svo til hægri.*
2. Joanna ætlar í **banka**. Hvernig fer hún þangað?
3. Sebastian ætlar á **hótél**. Hvernig fer hann þangað?
4. Joanna ætlar í **bíó**. Hvernig fer hún þangað?

Búið sjálf til fleiri spurningar og notið kortið!



Hvað segir Fríða frænka?

Íslendingar nota oft hikorð þegar þeir tala. Til dæmis: „hérna“ [hédna].
Hikorð þýða ekki neitt þegar þau eru notuð svona.

„Ég, [hédna], á, [hédna], heima hérna!“ Hefur þú heyrt fleiri hikorð í íslensku?

2. Viltu koma með mér?



H2.27



Siggi: Hæ, hvað segirðu?

Anna: Allt gott bara, en þú?

Siggi: Allt þetta fína. Heyrðu, ertu til í að koma með mér út að hlaupa?

Anna: Æ, ég nenni því ekki í dag.

Siggi: Ókei, en viltu kannski koma með mér í bíó í kvöld?

Anna: Í kvöld? Nei, því miður. Ég hef ekki tíma. Ég þarf að fara í vinnuna.

Siggi: Jæja, en á laugardaginn. Má bjóða þér út að borða á laugardaginn?

Anna: Já, endilega, það væri gaman. Hvert viltu fara út að borða?

Spurningar:

Viltu koma með mér í/á ...?

Ertu til í að koma með mér í/á ...?

Má bjóða þér ...?

Geturðu komið með mér í/á ...?



Svör:



Jákvæð svör:

Já, endilega. Það væri gaman.

Já, takk. Það væri frábært!

Já, Ég er til í það.

Kanntu fleiri jákvæð svör?



Neikvæð svör:

Nei, því miður. Ég er upptekin/n.

Nei, takk. Ég hef ekki tíma núna.

Nei, ég nenni ekki núna.

Kanntu fleiri neikvæð svör?

2.1 Hlustaðu og merktu við rétt svar



H2.28-H2.32

1. Af hverju vill Oliver ekki fara með Karen?

- a. Hann þarf að fara í bað.
- b. Hann þarf að fara í vinnuna.
- c. Hann þarf að gera skattskýrsluna.

2. Er Nonni til í að koma með Guðrúnu í IKEA?

- a. Já, hann vill kaupa nýtt rúm.
- b. Nei, hann nennir ekki í IKEA.
- c. Já, hann langar mjög mikið að kaupa nýtt sófasett.

3. Getur Joanna farið með Sebastian til Egilsstaða?

- a. Já, ef þau keyra. Hún vill ekki fljúga.
- b. Já, ef þau fljúga. Hún vill ekki keyra.
- c. Kannski. Hún veit það ekki.

4. Vill Tam koma með Önnu til Akureyrar?

- a. Já, hún vill fara þangað og fara á skíði.
- b. Nei, hún vill bara fara á skíði á Ísafirði.
- c. Kannski, en alls ekki fara á skíði.

5. Af hverju vill Merita ekki fara með John út að borða?

- a. Henni finnst hann leiðinlegur.
- b. Hún þarf að fara í vinnuna.
- c. Hún þarf að þvo hárið.

Hvernig veistu að kona hefur ekki áhuga á þér?



3. Í vinnuna eða í vinnunni?

Ég geng í **vinnuna**.
Ég er allan daginn
í **vinnunni**.
Mér finnst gaman
í **vinnunni**.



Ég fer á **kaffihúsið**
klukkan 8.
Ég er á **kaffihúsinu**
til klukkan 12.

Ég keyri í **skólann**.
Ég er allan daginn
í **skólanum**.



Hvert ertu að fara?
Ég er að fara í **vinnuna**.
Hvar ertu að vinna?
Ég vinn á **pósthúsinu**.

Hreyfing



Búðin: Ég **geng** í búðina.
Ég **hjóla** í búðina.

Bankinn: Ég **hleyp** í bankann.
Ég **keyri** í bankann.

Kaffihúsið: Ég **fer** á kaffihúsið.



Hvert? þolfall

Kýrstaða

Búðin: Ég **er** í búðinni.
Ég kaup mat í búðinni.

Bankinn: Ég **er** í bankanum.
Ég **borga** reikninga í bankanum.

Kaffihúsið: Ég **drekk** kaffi á kaffihúsinu.



Hvar? þágufall

3.1 Tengdu rétt saman



- | | |
|--|--|
| 1. Ég borga reikninga og millifæri peninga ... | <input type="checkbox"/> í vinnuna |
| 2. Renata vinnur á veitingastað. Hún gengur alltaf ... | <input type="checkbox"/> í bankann |
| 3. Við sendum bréf og kaupum frímerki ... | <input type="checkbox"/> á pósthúsinu |
| 4. Ég drekk kaffi og hitti vini mína ... | <input type="checkbox"/> á pósthúsið |
| 5. John er að læra íslensku ... | <input type="checkbox"/> í vinnunni |
| 6. Ég þarf að taka út pening. Ég ætla að hjóla ... | <input checked="" type="checkbox"/> í bankanum |
| 7. Lien vinnur á kvöldin. Henni finnst gaman ... | <input type="checkbox"/> á kaffihúsinu |
| 8. Skólinn er skemmtilegur. Ég tek strætó ... | <input type="checkbox"/> í skólanum |
| 9. Sebastian þarf að sækja pakka. Hann keyrir ... | <input type="checkbox"/> á kaffihúsið |
| 10. Mig langar í kaffi. Ég ætla að skreppa ... | <input type="checkbox"/> í skólann |

3.2 Tölum saman!



- | | |
|-------------------------------------|---------------------------------|
| a) Góðan daginn, hvað segirðu gott? | g) Ferðu stundum í bankann? |
| b) Ert þú að vinna á Íslandi? | h) Hvað gerir þú í bankanum? |
| c) Hvað gerir þú í vinnunni? | i) Ferðu stundum á pósthúsið? |
| d) Hvernig ferðu í vinnuna? | j) Hvað gerir þú á pósthúsinu? |
| e) Hvenær byrjar þú í skólanum? | k) Ferðu oft á kaffihús? |
| f) Hvernig ferðu í skólann? | l) Hvað gerir þú á kaffihúsinu? |



3.3 Skrifaðu orðin í svigunum rétt



1. Þú ferð stundum í (bankinn) _____ í hádeginu.
2. Ég er oft lengi í (vinnan) _____.
3. Við förum í (skólinn) _____ tvisvar í viku.
4. Hún hjólar í (búðin) _____.
5. Ég geng í (vinnan) _____ þegar það er gott veður.
6. Hann keyrir á (pósthúsið) _____.
7. Hann er á (pósthúsið) _____ til að sækja pakka.
8. Við erum í (skólinn) _____ til að læra.
9. Hún vinnur í (búðin) _____ allan daginn.
10. Borgar þú alla reikninga í (bankinn) _____ ?

3.4 Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



þangað vinnunni pósthúsi slappar af taka út tala daginn
Kringlunni Kringluna finnst bankann fer heim mjög

Aníta vinnur á _____. Hún fer _____ á hverjum degi.
Hún er allan _____ í _____. Þegar hún þarf að _____
við þjónustufulltrúa eða _____ pening, fer hún stundum í _____.
Ef hún á mikinn pening, _____ hún í _____. Hún kaupir föt
í _____. Henni _____ það _____ gaman.
Svo fer hún _____ og _____.



4. Hvernig er veðrið?



H2.33

Ring-ring!!

Pabbi (á Íslandi): Halló.

Ásta (á Ítalíu): Hæ pabbi, þetta er ég!

Pabbi: Nei, sæl elskan. Gaman að heyra í þér.

Ásta: Sömuleiðis. Hvað segirðu gott?

Pabbi: Allt þetta fína. Hvernig er veðrið þarna hjá þér?


Ásta: Alltaf eins, sól og gott veður og mjög heitt.

Pabbi: Frábært! Það er betra hjá þér en mér.
Hérna heima er rigning, ömurlegt veður og kalt.

Ásta: Svona er Ísland! Viltu koma í heimsókn?

Hvernig er veðrið í dag?

Það er gott veður = Veðrið er gott



↗ gott

Veðrið er → fínt

↘ frábært

Það er vont veður = Veðrið er vont



↗ vont

Veðrið er → sæmilegt

↘ ömurlegt

Hvernig er veðrið í dag? *Í dag er ...*

Hvernig var veðrið í gær? *Í gær var ...*



Hvað segir Fríða frænka?

Íslendingum finnst mjög gaman að tala um veðrið og þeir eiga mörg veðurorð, til dæmis orð um snjó: *drífa, mjöll, snær, él, hrið, slydda, skafrenningur, fönn, fjúk, krap.*

Af hverju tala Íslendingar svona mikið um veðrið?

5. Árstíðirnar



H2.34

Árstíðirnar eru fjórar á Íslandi: vor, sumar, haust og vetur. Vorið er í apríl og maí.

Á **vorin** er oft rigning, en stundum gott veður. Þá er líka oft dálítið kalt.

Sumarið er í júní, júlí og ágúst. Það er mjög bjart **á sumrin** en sumarið er stutt.

Stundum er hlýtt og sólin skín, en ekki alltaf. Það er aldrei mjög heitt á sumrin

á Íslandi. Haustið er í september og október. Þá kemur oft rigning og rok, en oftast

er frekar hlýtt og milt veður **á haustin**. Veturinn á Íslandi er í nóvember, desember,

janúar, febrúar og mars. Hann er langur og dimmur. Það er stundum frost og snjó

á veturna, en ekki alltaf. Veðrið á Íslandi er mjög fjölbreytilegt!



Á **vorin** er sæmilegt veður.
Ég ætla í fjallgöngu í **vor**.



Á **sumrin** er oft hlýtt.
Mig langar í sólbað í **sumar**.



Á **haustin** er stundum rok.
Ég fer í skóla í **haust**.



Á **veturna** er oft snjó.
Ég ætla á skíði í **vetur**.

5.1 Merktu við rétt eða rangt



Það er aldrei snjó á veturna.

rétt rangt

Það er oft rok á haustin.

rétt rangt

Veturinn er langur og bjartur.

rétt rangt

Sumarið er dimmt og kalt.

rétt rangt

Vorið er í ágúst.

rétt rangt

Haustið er í september.

rétt rangt



5.2 Vont - verra - verst



H2.35



Kata: Úff, það er **vont** veður í dag.



Palli: Sammála, rok er **verra** en frost.



Kata: Nei, frostið er nú **verst!**

5.3 Gott - betra - best



H2.36



Bylgja: Umm, það er svo **gott** veður í dag, bæði sól og logn.



Bára: Já, það er ekki hægt að hafa það **betra**.



Bylgja: Jú, hitabylgja er **best!!**

5.4 Hlustaðu á samtölin og merktu við rétta árstíð




H2.37-H2.40

1. vor sumar haust vetur
2. vor sumar haust vetur
3. vor sumar haust vetur
4. vor sumar haust vetur

5.5 Tölum saman!



- a) Hvernig er veðrið í þínu landi núna?
- b) Hvaða veður finnst þér best? Af hverju?
- c) Hvaða veður er verst?
- d) Hvort er betra rigning eða sól?
- e) Hvað ætlaðu að gera í sumar?



6. Hvað kann ég?



Fernanda, vinnan og veðrið

H2.41

Í dag er mánudagur. Fernanda er að fara í vinnuna. Hún á heima á Sólberjagötu og hún labbar í vinnuna. Hún vinnur á kaffihúsinu á Jarðarberjagötu. Hún gengur til vinstri þegar hún kemur út úr húsinu sínu. Svo þarf hún að beygja til hægri og ganga beint áfram, framhjá bakaríinu og fer aftur til hægri. Þá er hún komin í vinnuna. Hún gengur upp nokkrar tröppur til að fara inn í kaffihúsið. Hún er í vinnunni til klukkan þrjú. Það er ömurlegt veður í dag, bæði rok og rigning. Hún hugsar um Spán. Þar er betra veður, sól og hlýtt. Hún ætlar þangað í sumar!

6.1 Skrifaðu orðin sem vantar



1. _____ er Fernanda að fara? Hún er að fara í _____.
2. _____ er hún að vinna? Hún vinnur _____.
3. _____ fer hún í vinnuna? Hún labbar _____.
4. _____ er hún búin í v _____? Hún er búin kl. _____.
5. _____ er veðrið? Það er _____.
6. _____ ætlar Fernanda í sumar? Hún _____ til Spánar.

6.2 Búðu til samtal þar sem Fernanda biður vinkonu að koma með til Spánar!



Þú getur til dæmis notað þessi orð/setningar:

Viltu koma með mér ...?

gott veður, vont veður, kalt, hlýtt, sól, rigning,

gott, betra, best

vont, verra, verst

skemmtilegt, leiðinlegt

æðislegt, ömurlegt

7. Sjálfsmat – Þetta kann ég!



1. Ég kann að spyrja

- Hvert ertu að fara? Hvernig fer ég þangað?

2. Ég kann að vísa veginn

Þú ferð

- til hægri til baka upp inn
 til vinstri framhjá niður út

3. Ég kann að spyrja og svara

- Viltu koma með mér ...? Já, endilega.
 Má bjóða þér að koma með mér ...? Já, það væri gaman/frábært.
 Geturðu komið með mér ...? Nei, ég er upptekin/n.

4. Ég kann að segja

- Ég fer í vinnuna. – Ég er í vinnunni allan daginn.
 Ég ætla í skólann. – Ég er lengi í skólanum.
 Ég geng á kaffihúsið. – Ég er á kaffihúsinu til klukkan sex.

5. Ég kann að spyrja

- Hvernig er veðrið?

6. Ég kann **að lýsa veðri**

Það er gott/vont veður. Veðrið er gott/vont.

Veðrið er fínt/frábært/ömurlegt/sæmilegt.

Það er:

kalt heitt hlýtt sól

rigning rok frost snjór

7. Ég kann **orðin**

Gott – betra – best Vont – verra – verst

8. Ég kann orð um **árstíðir**

vor sumar haust vetur

á vorin/í vor á sumrin/í sumar

á haustin/í haust á veturna/í vetur

9. Hvað **lærði ég fleira** í 4. kafla?

10. Hvað ætla ég **að nota**?

11. Hvað þarf ég **að læra betur**?

Spurnarorð og staðaratviksorð

Hvar ertu?

Ég er **hér**.

Ég er **hérna**.





Þú ert **þarna**.

Hvenær *ferðu* í skólann?

Ég *fer* **þangað** kl. 8.

Hvenær *kemurðu* **hingað**?

Ég *kem* kl. 7.

Hvernig fer ég þangað?	Hvert fer ég?	Hvar er ég?
Þú ferð beint áfram .	Þú ferð upp . 	Þú ert uppi . 
Þú ferð til hægri .	Þú ferð niður . 	Þú ert niðri . 
Þú ferð til vinstri .	Þú ferð inn .	Þú ert inni .
Þú ferð til baka .	Þú ferð út .	Þú ert úti .
	Þú ferð heim .	Þú ert heima .

Sagnir: vilja (óregluleg sögn) og geta*3

að vilja (óregluleg sögn)	að geta*3
ég vil	ég get
þú vilt	þú getur
hann vill	hann getur
hún vill	hún getur
það vill	það getur
við viljum	við getum
þið viljið	þið getið
þeir vilja	þeir geta
þær vilja	þær geta
þau vilja	þau geta

Vilt þú = viltu + nafnháttur sagnar

Viltu koma með mér í bíó?

Getur þú = geturðu + lýsingarháttur sagnar

Geturðu komið með mér í bíó?

Geturðu talað við mig?

Geturðu sagt mér hvað klukkan er?

Nafnorð: Föll (nefnifall, þolfall, þágufall, eignarfall)

	karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
nefnifall	skóli(nn)	vinna(n)	pósthús(ið)
þolfall	skóla(nn)	vinnu(na)	pósthús(ið)
þágufall	skóla(num)	vinnu(nni)	pósthús(inu)
eignarfall	skóla (ns)	vinnu(nnar)	pósthúss(ins)

Nafnorð: Þolfall og þágufall

Spurning	Svar
Hvert ertu að fara?	Ég er að fara í vinnuna. (þolfall) kvk Ég er að fara í skólann. (þolfall) kk Ég er að fara á pósthúsið. (þolfall) hk
Hvar ertu?	Ég er í vinnunni. (þágufall) kvk Ég er í skólanum. (þágufall) kk Ég er á pósthúsinu. (þágufall) hk

Lýsingarorð: Stigbreyting

karlkyn Hann er ...	kvenkyn Hún er ...	hvorugkyn Það er ...
góður	góð	gott
betri	betri	betra
bestur	best	best
vondur	vond	vont
verri	verri	verra
verstur	verst	verst

